

**45. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
7. september 2016 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Svala Hreinsdóttir sviðsstjóri og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Í upphafi fundar var ósk sviðsstjóra um að bæta máli nr. 1601443 á dagskrá borin undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

Fyrir tekið:

1. 1602187 - Reglur um félagslega heimaþjónustu - endurskoðun

Lögð fram tillaga að endurskoðun á reglum um félagslega heimaþjónustu á vegum Akraneskaupstaðar.

Farið yfir tillöguna og gerðar nokkrar breytingar. Ákveðið að skoða frekar mörk þagnarskyldu. Vísað til næsta fundar.

2. 1608185 - Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga 2016

Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga 2016 verður haldinn á Akureyri föstudaginn 16. september n.k.

Lagt fram.

3. 1605058 - Trúnaðarmál

4. 1609017 - Trúnaðarmál

5. 1601443 - Endurnýjun bifreiðar fyrir ferðaþjónustu fatlaðra

áður á dagskrá 42. fundar Velferðar- og mannréttindaráðs. Útboðslýsing vegna endurnýjunar á þjónustubifreið fyrir ferðaþjónustu fatlaðra lögð fram. Lýsingin hefur tekið nokkrum breytingum frá síðustu umfjöllun.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir að auglýst verði eftir tilboðum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

*Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir
Einar Brandsson
Anna Þóra Þorgilsdóttir
Gunnhildur Björnsdóttir*

Svala Hreinsdóttir